

**ENDURRIT  
ÚR  
DÓMABÓK  
HÉRAÐSDÓMS REYKJAVÍKUR**

**Málið nr. E-1795/2004**

**Alþýðusamband Íslands**

*X (Magnús Norðdahl hrl.)*

**gegn**

**Tryggingastofnun ríkisins**

*(Erla S. Árnadóttir hrl.)*

**Dómur 23. september 2004.**

**SI/eh**

Ár 2004, fimmtudaginn 23. september, er dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigríði Ingvarsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:

Málið nr. E-1795/2004  
Alþýðusamband Íslands  
gegn  
Tryggingastofnun ríkisins

og kveðinn upp svohljóðandi

### D Ó M U R

Mál þetta, sem dómtekið var 9. september sl., er höfðað 21. janúar 2004 af Alþýðusambandi Íslands, kt. 420169-6209, Sætúni 1, Reykjavík, á hendur Tryggingastofnun ríkisins, kt. 060269-2669, Laugavegi 114-116, Reykjavík.

Endanlegar kröfur stefnanda í málinu eru þær að viðurkennt verði með dómi að foreldrar, sem aðild eiga að aðildarfélögum stefnanda og ávinna sér ekki rétt til orlofslauna í launalausum fæðingarorlofi úr hendi launagreiðanda, eigi rétt á orlofslaunum samkvæmt 7. gr. laga um orlof nr. 30/1987 af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði úr hendi stefnda vegna Fæðingarorlofssjóðs vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi og njóta greiðslna úr sjóðnum samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000. Einnig krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins ásamt virðisaukaskatti.

Í þinghaldi 7. september sl. breytti stefnandi upphaflegri kröfugerð, sem kom til af því að í kjarasamningum aðildarféлага stefnanda við fjármálaráðherra, sem gerðir voru eftir að málið var höfðað, var samið um að starfsmenn ríkisins í aðildarfélögum stefnanda áynnu sér rétt til orlofslauna í fæðingarorlofi. Þannig hefðu ríkisstarfsmenn þegar fengið þann rétt sem krafist er að viðurkenndur verði í málinu. Stefndi krafðist í sama þinghaldi að málinu yrði vísað frá dómi en því var hafnað með úrskurði dómsins 9. september sl.

#### **Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna**

Í málinu er deilt um rétt foreldra, sem aðild eiga að aðildarfélögum stefnanda og ávinna sér ekki rétt til orlofslauna í launalausum fæðingarorlofi úr hendi launagreiðanda, til orlofslauna samkvæmt 7. gr. laga um orlof nr. 30/1987 af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði úr hendi stefnda vegna tímans sem þeir eru í fæðingarorlofi og fá greiðslur

úr sjóðnum samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. síðar nefndu laganna er Fæðingarorlofssjóður í vörslu stefnda, sem sér um daglega afgreiðslu sjóðsins, en sjóðurinn annast greiðslur til foreldra sem réttinda njóta til greiðslu í fæðingarorlofi samkvæmt 13. gr. laganna. Af stefnda hálfu er talið að lagaheimildir skorti fyrir þeim rétti sem stefnandi telji þá eiga sem kröfugerðin í málinu tekur til.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

Sakarefninu lýsir stefnandi þannig að ágreiningur sé um það hvort stefnda beri að greiða vegna Fæðingarorlofssjóðs orlof samkvæmt orlofslögum ofan á greiðslur sínar til félagsmanna aðildarféлага stefnanda í fæðingarorlofi. Stefnandi vísi til þess að samkvæmt lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof eigi launafólk í fæðingarorlofi rétt til greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði, sem nemi 80% af meðaltali heildarlauna þess miðað við 12 mánaða samfellt tímabil, sem ljúki tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Stefnandi hafi 6. janúar 2003 synjað foreldrinu A um greiðslu orlofs á greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, en A sé rafvirki og taki laun samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Hann hafi kært ákvörðun stefnda til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála 21. mars sama ár, en hlutverk nefndarinnar sé að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem rísi á grundvelli laga nr. 95/2000. Úrskurðarnefndin hafi staðfest ákvörðun stefnda með úrskurði 10. júlí s.á. Úrskurðir nefndarinnar sæti ekki kærur til æðra stjórnvalds. Fyrri afgreiðsla stefnda, sem úrskurðarnefndin hafi staðfest, liggi til grundvallar þeirri framkvæmd sem stefndi hafi um greiðslur til félagsmanna aðildarféлага stefnanda í fæðingarorlofi. Þá framkvæmd telji stefnandi ólögsmæta og hafi málið verið höfðað til þess að fá henni hrundið.

Meginmálsástæða stefnanda sé sú að fyrrgreindur úrskurður úrskurðarnefndar og framkvæmd stefnda sé í andstöðu við 13. og 14. gr. laga nr. 95/2000, orlofslög nr. 30/1987 og 7. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/104EB. Í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 95/2000 segi að mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi skuli nema 80% af meðaltali heildarlauna miðað við ákveðið tímabil. Til launa teljist hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald. Samhljóða ákvæði sé í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 909/2000. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 113/1993 um tryggingagjald teljist til gjaldstofns samkvæmt 6. gr. laganna meðal annars hvers konar laun og þóknanir, þar með talið orlofsfé og greiðslur fyrir ónotað orlof. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2000 greiði fæðingarorlofssjóður það mótframlag til lífeyrissjóðs sem atvinnurekanda beri ekki að greiða og samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar reiknist fæðingarorlof til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum,

starfsaldurshækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og réttar til atvinnuleysisbóta. Ekki sé um tæmandi talningu að ræða.

Í kjarasamningum aðildarféлага stefnanda segi að fæðingarorlof allt að sex mánuðum teljist til unnins tíma við útreikning orlofsréttar, þ.e. réttar til frítöku en ekki orlofslauna. Launamaður innan stefnanda eigi því ekki rétt til launaðs orlofs úr hendi atvinnurekanda þá mánuði sem hann er í fæðingarorlofi og njóti greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði, líkt og við eigi um rétt til mótframlags í lífeyrissjóð. Órjúfanlegt samband sé milli orlofs frá störfum og greiðslu eins og lög um orlof geri ráð fyrir. Í 1. gr. laganna segi að allir sem starfi í þjónustu annarra eigi rétt á orlofi og orlofslaunum samkvæmt lögnum. Samkvæmt 4. gr. skuli orlof veitt í einu lagi á tilteknu tímabili almanaksársins og jafnframt að því skuli alltaf lokið fyrir lok orlofsársins og samkvæmt 13. gr. sé óheimilt að flytja áunnin orlofslaun milli orlofsára. Samkvæmt 3. gr. sé orlof nú tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári. Það teljist unninn mánuður þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa fái hann greitt kaup á meðan eða sé í orlofi. Frítökuréttur án greiðslu sé þannig ekki orlofsréttur eða orlofs-tökuréttur í skilningi orlofslaga.

Meginregla 13. og 14. gr. laga nr. 95/2000 sé sú að foreldri í fæðingarorlofi glati hvorki né hætti að ávinna sér starfstengd réttindi meðan á fæðingarorlofi standi. Að svo miklu leyti sem réttindi þessi séu ekki greidd af atvinnurekanda greiði fæðingarorlofssjóður 80% þeirra og eigi það við um ávinnslu orlofs samkvæmt orlofslögum. Framangreindur úrskurður úrskurðarnefndar og framkvæmd stefnda gangi gegn þessari meginreglu og skerði lög og kjarasamningsbundin orlofsréttindi félagsmanna aðildarféлага stefnanda í raun um sem nemi tveimur launuðum orlofsdögum fyrir hvern þann mánuð sem tekinn sé í fæðingarorlofi. Úrskurðurinn sé einnig að þessu leyti til í andstöðu við 1. tl. 7. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/104EB um ákveðna þætti er varði vinnutíma, sbr. auglýsingu nr. 285/1997, sem skyldi íslenska ríkið til að tryggja öllu launafólki a.m.k. 4 vikna launað árlegt orlof. Ólaunaður tveggja daga frítökuréttur fyrir hvern mánuð í fæðingarorlofi samræmdist því ákvæði ekki. Úrskurðurinn sé einnig í andstöðu við þá reglu 7. gr. orlofslaga, sem kveði á um greiðslu orlofs við orlofstöku, en samtíma greiðsla orlofs, eins og úrskurðurinn geri ráð fyrir, sé óheimill, sbr. og 2. tl. 7. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/104EB sem kveði á um bann við samtíma greiðslu orlofs nema við starfslok. Loks sé úrskurðurinn í andstöðu við forsendur og markmið laganna um fæðingarorlof. Ekki sé unnt að undanskilja ávinnslu á rétti til greiðslna í orlofi frá öðrum starfstengdum réttindum sem ávinnist í fæðingarorlofi. Því beri Fæðingarorlofssjóði að greiða foreldrum orlofslaun vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi og njóti greiðslna úr sjóðnum.

Lög nr. 95/2000 hafi aukið almenn fæðingarorlofsréttindi en auk þess hafi mark-

mið þeirra verið að jafna fæðingarorlofsréttindi þannig að réttur beggja kynja væri jafn og sami réttur á opinberum og almennum vinnumarkaði. Samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna haldi þeir áfram að ávinna sér rétt til orlofsgreiðslna úr hendi launagreiðanda þá mánuði sem þeir séu í fæðingarorlofi. Ríkisstarfsmenn njóti sömu greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Sú niðurstaða úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála að orlofslaun séu innifalin í greiðslum sjóðsins sé röng því sjóðir ríkisins tvígreiði ekki sömu réttindi. Það sé og í engu samræmi við jöfnunarmarkmið laganna að telja orlofslaun vera innifalin í greiðslum Fæðingarorlofssjóðs, líkt og úrskurðarnefndin geri, þar sem það orlofsfé sem launamanni sé greitt á 12 mánaða viðmiðunartímanum fyrir upphaf fæðingarorlofs sé áunnið á mislöngum tíma utan viðmiðunartímabilsins. Þannig sé sá hluti orlofslauna sem falli á 12 mánaða viðmiðunartíma vegna þeirra foreldra sem hefji töku fæðingarorlofs 1. júní að 10/11 hlutum uppsafnaður orlofssparnaður utan viðmiðunartímabilsins meðan hann sé 1/11 hjá þeim foreldrum sem hefji töku fæðingarorlofs 1. september. Markmið laga nr. 95/2000 hafi einnig verið að hvetja foreldra til samvista við börn sín, sbr. 2. gr., en því markmiði verði ekki náð ef greiðslum Fæðingarorlofssjóðs sé þannig hagað að fæðingarorlof skerði lög og kjarasamningsbundin rétt og raunar skyldu til launaðs orlofs frá störfum.

#### **Málsástæður og lagarök stefnda**

Með lögum um orlof nr. 30/1987 hafi því verið komið á að öllum launþegum væri tryggður hliðstæður réttur til orlofsgreiðslna og ávöxtunar þeirra. Þar sé kveðið á um rétt launamanna til töku orlofs og rétt þeirra til orlofslauna. Samkvæmt 1. gr. laganna eigi þeir er starfi í þjónustu annarra gegn launum rétt á orlofi og orlofslaunum samkvæmt reglum laganna. Lögin greini á milli réttar til orlofs og réttar til orlofslauna. Samkvæmt 3. gr. laganna sé réttur til orlofstöku tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð. Til vinnutíma teljist sá tími er launamaður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa meðan hann fái greitt kaup eða sé í orlofi. Í 7. gr. laganna sé mælt fyrir um rétt til orlofslauna. Orlofslaunahlutfall, háð áunnum rétti en að lágmarki 10,17%, sé reiknað af heildarlaunum og séu orlofslaun reiknuð í dagvinnutímum fyrir hvert greiðslutímabil og skráð á launaseðil. Áunnin orlofslaun séu greidd við orlofstöku, þau séu kauptryggð og því greidd út miðað við dagvinnutímakaup eins og það sé á fyrsta degi orlofs.

Í 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof sé mælt fyrir um greiðslur í fæðingarorlofi. Foreldri fái greidd 80% af meðaltali heildarlauna eða reiknaðs endurgjalds, sbr. lög um tryggingagjald nr. 113/1990, fyrir tiltekið tímabil, þó þannig að tryggðar séu tiltekna lágmarksgreiðslur. Í 14. gr. laganna sé mælt fyrir um að fæðingarorlof reiknist til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti

til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum, rétti til starfsaldurs-  
hækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og réttar til atvinnuleysisbóta. Launþegi sem  
fari í fæðingarorlof hætti þannig ekki að ávinna sér réttindi sem séu háð lengd starfs-  
tíma hans, svo sem um lengd orlofs, starfsaldurshækkunar og önnur þau atriði er þar  
séu talin. Rétturinn til orlofslauna sé að engu leyti háður lengd starfstíma. Réttur til  
orlofslauna samkvæmt 7. gr. laga um orlof sé hins vegar réttur til fjárgreiðslu,  
reiknaður eins og að framan greini. Þar sem lög nr. 95/2000 veiti enga lagaheimild til  
greiðslu orlofslauna vegna greiðslna í fæðingarorlofi beri að sýkna stefnda af kröfum  
stefnanda.

Stefndi mótmæli þeim skilningi stefnanda að fyrir hendi sé sú meginregla  
orlofslaga að órjúfanlegt samband sé milli orlofs frá störfum og greiðslu sem hafi í för  
með sér að reikna beri orlofslaun af greiðslum sem foreldrar njóti í fæðingarorlofi  
samkvæmt 13. gr. laga nr. 95/2000. Orlofslaun greiðist eingöngu vegna launa-  
greiðslna, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987, en ekki af orlofslaunum, sbr. 5. mgr.  
sömu lagagreinar. Á sama hátt greiðist orlofslaun ekki vegna greiðslna í fæðingar-  
orlofi samkvæmt 13. gr. laga nr. 95/2000.

Fæðingarorlofssjóði verði með engu móti jafnað til launagreiðanda. Ekkert  
ráðningarsamband stofnist milli sjóðsins eða ríkisins annars vegar og foreldris hins  
vegar og greiðslur úr sjóðnum séu undanþegnar tryggingagjaldi samkvæmt 6. tl. 9. gr.  
laga nr. 113/1990 um tryggingagjald, sbr. 1. gr. laga nr. 156/2000. Greiðslur úr  
Fæðingarorlofssjóði byggi á bótasjónarmiðum sambærilegum þeim er gildi um bætur  
úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar nr.  
12/1997 og bætur úr lífeyris- og slysatryggingu almannatrygginga samkvæmt lögum  
nr. 117/1993 um almannatryggingar, en allar þessar tegundir bóta séu fjármagnaðar af  
almennu tryggingagjaldi og atvinnutryggingagjaldi. Stefndi mótmæli að framkvæmd  
greiðslna í fæðingarorlofi gangi gegn reglu 7. gr. orlofslaga um greiðslu orlofslauna  
við orlofstöku. Hugmyndir um orlofslaun sem hluta af greiðslum í fæðingarorlofi  
samrýmist ekki þeim bótasjónarmiðum er liggja til grundvallar greiðslunum.

Hvergi í lögum sé mælt fyrir um reiknireglu vegna útreiknings orlofslauna vegna  
greiðslna í fæðingarorlofi. Hefði löggjafinn talið að lög um fæðingar- og foreldraorlof  
mæltu fyrir um greiðslu orlofslauna vegna greiðslna í fæðingarorlofi hefði hann sett  
slíka reiknireglu. Ljóst sé að vilji löggjafans hafi ekki staðið til þess að foreldri fengi  
greidd orlofslaun vegna greiðslna í fæðingarorlofi.

Kjarasamningar á vinnumarkaði innihaldi ekki allir sams konar ákvæði um  
réttarstöðu í fæðingarorlofi. Sem dæmi um það séu í kjarasamningum opinberra  
starfsmanna ákvæði um réttindi til handa þessum hópum umfram það er leiði af  
lögum. Þar séu ákvæði um að starfsmaður í fæðingarorlofi njóti réttinda til greiðslu  
sumarorlofs, persónu- og orlofsuppbótar. Undanfari þessa hafi verið samkomulag

Þessa efnis er gert hafi verið 24. október 2000 milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands annars vegar og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launaneftndar sveitarfélaga hins vegar, en þessi stéttarfélög hefðu fyrir gildistöku laga nr. 95/2000 samið um launagreiðslur í fæðingarorlofi. Væri krafa stefnanda tekin til greina ættu opinberir starfsmenn væntanlega rétt til greiðslu orlofslauna bæði frá launagreiðanda og frá Fæðingarorlofssjóði, en engar lagareglur eða ákvæði í kjarasamningum mæli fyrir um útreikning orlofslauna til handa þessum hópum með tilliti til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Í mörgum kjarasamningum séu svo ákvæði um rétt starfsmanna í fæðingarorlofi til greiðslu orlofsuppbótar, þar á meðal kjarasamningar stéttarfélaga innan vébanda stefnanda. Með gerð þessara samninga hafi aðildarfélög innan vébanda stefnanda lýst þeirri afstöðu að kröfum um greiðslur tengdar orlofi við töku fæðingarorlofs beri að beina að launagreiðanda.

Stefnandi byggi á tilteknum skilningi á tilskipun Evrópusambandsins nr. 93/104/EB um ákveðna þætti er varði skipulag vinnutíma. Tilskipunin hafi ekki bein lagaáhrif á Íslandi og geti stefnandi ekki byggt neinn rétt á henni, sbr. 7. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og bókun 35 við hann. Tilskipuninni hafi verið bætt við viðauka XVIII við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 42/96. Ákvæði tilskipunarinnar hafi tekið gildi á Íslandi með kjarasamningum, þar á meðal kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands og stefnanda frá 30. desember 1996, sbr. auglýsingu nr. 285/1997 um gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti er varði skipulag vinnutíma. Tilskipuninni sjálfri hafi hins vegar ekki verið veitt lagagildi hér á landi og geti ákvæði hennar því ekki gengið framur áður greindum reglum laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof og laga nr. 30/1987 um orlof. Stjórnskipuleg staða ákvæða tilskipunarinnar hér á landi hafi í för með sér að stefnandi geti ekki byggt sjálfstætt á henni til stuðnings stefnukröfu, en stefnandi reisi málalátbúnað sinn ekki á ákvæðum kjarasamninga heldur einvörðungu á ákvæðum laganna um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 og orlofslögum nr. 30/1987. Enn fremur sé mótmælt þeim skilningi er stefnandi leggi í 7. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt ákvæðinu skuli aðildarríkin tryggja launþegum rétt á launuðu árlegu orlofi í að minnsta kosti fjórar vikur í samræmi við skilyrði fyrir að öðlast og fá notið slíks réttar. Að svo miklu leyti sem beri að skýra íslensk lög til samræmis við framangreinda tilskipun sé ljóst að 7. gr. hennar eigi eingöngu við árlegt orlof launþega en ekki sértæk réttindi, svo sem fæðingarorlof. Lög nr. 95/2000 innleiði tilskipun 96/34/EB, er hafi staðfest rammisamning evrópskra atvinnurekenda og verkalýðsfélaga um foreldraorlof. Hvað varði rétt er 7. gr. tilskipunar 93/104/EB taki til, gildi að aðildarríkin setji í landsrétti skilyrði fyrir réttinum og ákvæði um framkvæmd hans. Ísland hafi mælt fyrir um það í 7. gr. laga um orlof nr. 30/1987 að

orlofslaun reiknist sem hlutfall af launum launþega og engin heimild sé í lögum nr. 95/2000 til að reikna orlofslaun vegna greiðslna í fæðingarorlofi, bóta almannatrygginga eða atvinnuleysistrygginga. Ákvæði tilskipunarinnar, að svo miklu leyti sem skýra ætti íslensk lög til samræmis við hana, geti aldrei leitt til þess að stefnda beri að reikna orlofslaun vegna greiðslna í fæðingarorlofi.

Krafa stefnda um málskostnað sé byggð á 130. gr. laga nr. 91/1991 en stefndi sé ekki virðisaukaskattskyldur og því sé honum nauðsyn á að fá virðisaukaskatt af málflutningsþóknun dæmdan úr hendi stefnanda.

### Niðurstaða

Stefnandi vísar til laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000, laga um orlof nr. 30/1987 og tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/104EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma eins og hér að framan hefur komið fram. Hann styður kröfur sínar í málinu þeim rökum að af þessum lögum og lögskýringum leiði að foreldrar í foreldraorlofi, sem fái greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof og ávinni sér ekki rétt til orlofslauna í launalaus fæðingarorlofi úr hendi launagreiðanda, eigi rétt á orlofslaunum úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt því sem nánar greinir í kröfugerð stefnanda.

Réttur foreldra til fæðingarorlofs er skilgreindur í 8. gr. laganna um fæðingar- og foreldraorlof og um rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði fer samkvæmt 13. gr. sömu laga. Samkvæmt lögnum annast Fæðingarorlofssjóður greiðslur til þeirra sem réttinda njóta til greiðslu í fæðingarorlofi samkvæmt síðast töldu lagagreininni, en sjóðurinn er í vörslu stefnda sem sér um reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins eins og áður er komið fram.

Fæðingarorlof reiknast samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og réttar til atvinnuleysisbóta. Þau réttindi sem þarna er um að ræða eru háð starfstíma þess sem þeirra nýtur. Orlofslaun greiðast af launagreiðanda og eru samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga um orlof reiknuð af launagreiðslum óháð starfstíma. Rétturinn til greiðslu þeirra verður þar af leiðandi ekki talinn til þeirra starfstengdu réttinda sem foreldri í fæðingarorlofi ávinnur sér á fæðingarorlofstíma samkvæmt 14. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof. Tilvísun til lagagreinarnar á því ekki við um úrlausnarefnið sem hér um ræðir.

Launþegi á rétt á orlofslaunum í orlofi, eins og stefnandi bendir réttilega á og fram kemur í 3. mgr. 7. gr. orlofslaga. Í 1. mgr. 7. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/104EB segir að aðildarríki skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öllum launþegum rétt á launuðu árlegu orlofi í að minnsta kosti fjórar vikur í samræmi við



skilyrði fyrir að öðlast og fá notið slíks réttar, sem mælt sé fyrir um í innlendri löggjöf og/eða réttarvenju. Í framangreindum reglum felst þó ekki að foreldrum í fæðingarorlofi hafi verið tryggður réttur til orlofslauna af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði á hendur stefnda vegna sjóðsins, enda eru hvorki fyrirmæli um þá tilhöfum á orlofs-launagreiðslum í lögum um fæðingar- og foreldraorlof né í öðrum lögum. Breytir engu í því sambandi þótt launþegar eigi ekki rétt til launaðs orlofs úr hendi atvinnurekanda vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi og njóta greiðslna úr Fæðingarorlofs-sjóði. Misræmi, sem stefnandi vísar til, breytir heldur ekki efni þessara reglna, enda ber að hafna því sjónarmiði stefnanda að dómurinn geti túlkað reglurnar sem hér gilda á þann hátt að slíkt misræmi verði með því leiðrétt.

Að öllu þessu virtu verður ekki fallist á að lög eða aðrar reglur leiði til þess að foreldrar, sem skilgreindir eru í kröfugerð stefnanda, eigi þann rétt sem stefnandi krefst í málinu að verði viðurkenndur. Með vísan til þess ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála að máls-kostnaður falli niður.

Dóminn kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

#### D Ó M S O R Ð:

Stefnda, Tryggingastofnun ríkisins, er sýknuð af kröfum stefnanda, Alþýðusam-bands Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sigríður Ingvarsdóttir

Rétt endurrit staðfestir,

Héraðsdómi Reykjavíkur, 23. september 2004.

Rétt endurrit staðfestir  
í Héraðsdómi Reykjavíkur Gjald kr. 800  
2319 2004 Greitt:

Gjald 800 krónur  
Greitt

